

Ed.

195. Nefndarátt

um frv. til laga um breytingu á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir nú rætt frv. hæstv. stjórnar um breytingu á kennaraskólalögnum og getur með skírskotun til greinargerðar stjórnarinnar fyrir frumv. og áliti mentamálanefndar háttv. Nd. mælt með því, að frumvarpið, sem ætla má, að verði til þess að auka mentun væntanlegra kennara án þess að íþyngja rikissjóði svo teljandi sje, verði samþykkt óbreytt af háttv. Ed.

Alþingi, 21. mars 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason,
form. og frsm.

Jón Magnússon.

Jónas Jónsson,
fundaskrifari.